

Skýrsla stjórnarformanns 2018

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 7. mars 2018 hefur stjórn SAM haldið sex bókaða fundi. Á fundum stjórnar var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara og rekstur SAM. Einnig fjallaði stjórn SAM um og gerði tillögu að greiðslumarki fyrir verðlagsárið 2019.

Önnur mál sem stjórn SAM hefur meðal annars fjallað um frá síðasta aðalfundi eru: Mjólkuruppgjör vegna 2018, samningur Íslands og Evrópusambandsins um aukna tollkvóta fyrir osta, möguleg viðbrögð vegna misvægis í sölu á fitu- og próteingrunni, stuðlar til útreiknings á hráefnisþörf mjólkurafurða, starf samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga og spámódel til að áætla mjólkurframleiðslu.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn SAM tilnefnt eða skipað fulltrúa í:

Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins;

Tilnefnd voru Jóhanna Hreinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson; en til vara er Pálmi Vilhjálmsson.

Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands;

Tilnefnd var stjórn SAM; Jóhanna Hreinsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Árni Sigurðsson og Egill Sigurðsson.

Fagráð nautgriparæktarinnar; stuðningsfulltrúi er tilnefndur Björn S. Gunnarsson.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins;

Skipaðir voru Jóhanna Hreinsdóttir, Margrét Gísladóttir framkvæmdastjóri LK og Björn S. Gunnarsson.

SAMRÁÐSHÓPUR UN ENDURSKOÐUN BÚVÖRUSAMNINGA.

Stjórnarformaður SAM hefur setið í Samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga fyrir hönd SAM og LS (Landssamtök sláturleyfishafa). Vinna hófst við endurskoðun búvörusamninga í apríl á síðasta ári og hefur hópurinn haldið 24 fundi. Vinnu er lokið við endurskoðun á Samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar og nautgriparæktar, en vinna stendur yfir á Samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og almenn starfsskilyrði landbúnaðar. Áælað er að vinnu hópsins ljúki á vormánuðum.

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2040 – SVIÐSMYNDIR UM MÖGULEGA FRAMTÍÐ LANDBÚNAÐAR Á ÍSLANDI

Samhliða vinnu við endurskoðun búvörusamninga hefur stjórnarformaður SAM setið í stýrihópi um sviðsmyndagreiningu á framtíð landbúnaðar á Íslandi. Verkefnið er unnið fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og er stýrt af ráðgjöfum KPMG.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2018

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2018 og var 152,4 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2017 var framleiðslan 151,1 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda 2018 var 269.750 lítrar og jókst um 10.989 lítra á árinu, eða 4,2%. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 565 og hafði fækkað um 19 á árinu, eða 3,3%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 2,3% á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2018 var 145 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 152.408.980 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 7.483.845 lítrar. SAM gerði tillögu til Búnaðarstofu Matvælastofnunar um að greiðslumark ársins 2019 yrði 145 milljónir lítra, Búnaðarstofa Matvælastofnunar tók undir þá tillögu og Greiðslumark ársins 2019 var ákveðið 145 milljónir lítrar.

Sala mjólkurvara árið 2018 á fitugrunni var nær óbreytt á milli ára, 144,8 milljónir lítra. Í gögnum SAM reiknast 0,2% samdráttur í sölu á fitugrunni, en samdrátturinn skýrist af breytingum á stuðlum sem notaðir eru til að reikna hráefnisþörf mjólkurafurða. Reiknað á óbreyttum stuðlum var aukning í sölu á fitugrunni um 0,5%, en söluaukning á fitugrunni síðustu fimm árin þar á undan var að jafnaði 4,9% á ári (alls 20% á fimm árum). Á próteingrunni var sala 129,5 milljónir lítra og minnkaði um 2,5 milljónir lítra eða 2,3%, á milli ára. Munur á sölu á fitu- og próteingrunni jókst um 2,2 millj. lítra á milli ára og var 15,3 millj. lítra árið 2018 (samsvarar um 1.260 tonnum af undanrennudufti).

Innflutningur mjólkurafurða jókst um samtals 24 tonn á milli ára. Aukningin var einkum í ferskum mjólkurafurðum en innflutningur osta jókst um tvö tonn. Á móti minnkaði innflutningur af smjöri og dufti um tæp fjögur tonn. Innflutningur árið 2018 samsvarar um 5,3 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 4,1 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst um 598 tonn frá árinu 2017. Útflutningur á ferskum vörum breyttist lítið, en útflutningur osta, smjörs og dufts jókst.

VERKEFNI SAM

SAM safnar og vinnur tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar skila tölfraði sem nýtt er til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarféлага, Hagstofu Íslands, tölfraeðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum, sem reiknaðar eru milli aðildarféлага SAM á grundvelli heimildarákvæðis í Búvörulögum.

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM bókhald fyrir Verðtilfærslusjóð SAM og birtir ársreikning sjóðsins í ársskýrslu SAM. Frá árslokum 2008 hefur starfsmaður SAM einnig annast útreikning launa fyrir Mjólkursamsöluna, ásamt öðrum verkefnum vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnnar.

SAM hóf þátttöku í íslenska Landbúnaðarklasanum árið 2018, en fyrir er SAM aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja og tengiliður íslensks mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølkkevalitetsarbeid – NMSM (norraent samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmið SAM með þátttöku í erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkurframleiðendum og mjólkuriðnaði.

Febrúar 2019

Jóhanna Hreinsdóttir, stjórnarformaður